

## L Ö G

um

4

13. maí

viðauka og breyting á lögum nr. 13, frá 8. júní 1925, um sektir.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Valdsmaður sá, er annast fullnustu sektardóms, hefir heimild til þess að láta afplána sekt, sem eigi er greidd, í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í helmingi skemmri tíma en ef um einfalt fangelsi er að ræða, ef hann telur það hentara og læknir telur dómfeldan þola þá fangelsisrefsingu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til allra sektarrefsinga, sem eigi eru greiddar eða afplánaðar, þegar þau koma í gildi. Þó þarf samþykki dómfellda til þess að breyta afplánun frá því, sem dómur eða sætt ákveða, ef dómurinn er kveðinn upp eða sætt gerð áður en lög þessi öðlast gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 13. maí 1929.*

Undir Vor kónunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jónas Jónsson.*